

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. orðast svo:

Óheimilt er að hafa halón á slökkvikerfum í skipum eftir 31. desember 2003. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins eigi síðar en 1. febrúar 2004 hvernig halóni á kerfinu hafi verið ráðstafað. Óheimilt er eftir 1. janúar 2003 að endurhlaða slökkvikerfi í skipum með halóni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og 4. tölul. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun-
arvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnuneytinu, 9. september 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

30. ágúst 2002

Nr. 660

REGLUGERÐ

um starfsheitið raffræðingur.

1. gr.

Þeir sem fullnægja skilyrðum reglugerðar þessarar geta sótt um það til iðnaðarráðuneytisins að fá að nota starfsheitið raffræðingur.

2. gr.

Umsækjendur þurfa að hafa fengið A- eða B-löggildingu Löggildingarstofu (eða Rafmagnseftirlits ríkisins áður) til rafvirkjunarstarfa eða öðlast rétt til A- eða B-löggildingar samkvæmt reglugerð um raforkuvirki, nú reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, sérstaklega með reglugerð nr. 285/1998.

3. gr.

Ef erlendir einstaklingar sækja um að fá að nota starfsheitið raffræðingur skal gætt ákvæða laga nr. 83/1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum, og þá sérstaklega ákvæða er lúta að rétti til að nota sama starfsheiti og innlendir umsækjendur.

4. gr.

Útbúa skal sérstakt umsóknareyðublað ásamt hjálögðum gátlista, er birtist á vef ráðuneytisins, til að greiða fyrir afgreiðslu umsóknar og krefja umsækjanda um nauðsynlegar upplýsingar til að taka megí afstöðu til hennar.